FRÉTTABRÉF LANDSPÍTALA

SPÍTALAPÚLSINN

APRÍL 2025



Skurðaðgerðir krefjast einbeitingar, nákvæmni og teymisvinnu. Kristín Huld, kviðarholsskurðlæknir, ásamt samstarfsfólki í skurðaðgerð á Landspítala þann 31. mars síðastliðinn.

Grunnstoð háskólasjúkrahúss



Runólfur Pálsson
Forstjóri Landspítala

Á dögunum var samþykkt ný og metnaðarfull vísindastefna Landspítala til ársins 2030. Ég fagna mjög þeirri stórhuga framtíðarsýn sem fram kemur í stefnunni og áformum um að setja saman markvissa aðgerðaáætlun. Afar brýnt og raunar löngu tímabært er að efla vísindastarfsemi spítalans í ljósi þess að stöðnun eða jafnvel hnignun hefur átt sér stað á undanförnum áratug. Hafa ber í huga að öflugt vísindastarf er ein af grunnstoðum hvers háskólasjúkrahúss sem sýnt hefur verið fram á að auki gæði þjónustu við sjúklinga. En að mörgu þarf að hyggja ef árangur á að nást. Auk þekkingar og reynslu á sviði vísindarannsókna þarf að skapa vísindafólki tíma og stuðning. Og þar hefur skóinn kreppt síðustu ár því þótt fjármögnun vísindastarfs hafi verið ábótavant er tímaskortur eitt stærsta vandamálið sem vísindamenn spítalans standa frammi fyrir. Sívaxandi umfang klínískra verkefna hefur þrengt að tíma sem vísindamenn hafa til að stunda rannsóknir og hefur það ásamt skorti á aðstöðu og fjármagni haft neikvæð áhrif á vísindastarf innan spítalans.

Með vísindastefnu til ársins 2030 og vel skilgreindri aðgerðaráætlun er stefnt að stórum skrefum fram á við á næstu árum. Forgangsmál í þeim efnum er að tryggja starfsfólki tíma til vísindastarfa. Af þeim sökum verðum við að róa að því öllum árum að auka skilvirkni innan klínísku þjónustunnar til að skapa tíma til rannsókna. Einnig er í fyrirrúmi að bæta aðstöðu til rannsókna og því verður klíníska rannsóknarsetrið í fyrirrúmi. Sem stendur er unnið að því að finna hentugt húsnæði fyrir klíníska rannsóknarsetrið þar sem meðal annars verður unnt að stunda klínískar lyfjarannsóknir. Þá legg ég mikla áherslu á aukið samstarf við

Framhald á næstu síðu. ▶

heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Ákveðin tækifæri felast í sameiningu innviða sem ættu að skila öflugri stoðþjónustu en stofnanirnar búa við í dag. Nauðsynlegt er að leita allra leiða til að laða efnilega vísindamenn til starfa á Landspítala. Auka þarf stuðning við unga vísindamenn, ekki síst nýdoktora. Þá er mikilvægt að vinna með markvissum hætti að því að auka áhuga nemenda í heilbrigðisvísindagreinum á rannsóknum. Þrátt fyrir að tekist hafi að efla rannsóknatengt nám á síðustu árum er enn verk að vinna. Í því skyni er þýðingarmikið að halda vísindastarfi innan Landspítala á lofti ásamt því að skapa trausta umgjörð og leiðsögn fyrir nemendur þannig að fleiri úr þeirra röðum sækist eftir því að hasla sér völl á sviði vísinda.

Loks verður áfram unnið að því að tryggja auknar fjárveitingar til vísindastarfseminnar þannig að við séum ekki eftirbátar háskólasjúkrahúsa í nágrannalöndunum. Ég bind vonir við nýstofnaðan heilbrigðisvísindasjóð en jafnframt þarf að leita annarra fjármögnunarleiða. Nauðsynlegt er að halda vel utan um þá fjármuni sem veittir eru til vísindastarfs á Landspítala og er fyrirhugað að afmarka þá sérstaklega í rekstri stofnunarinnar.

Samkeppni í vísindaheiminum eykst stöðugt og ljóst að við verðum að halda vel á spilunum til að halda velli. Við verðum öll að leggja hönd á plóg.

Í fréttum var þetta helst

Samantekt á helstu fréttum í mars þar sem spítalinn kom við sögu.



Ylfa Árnadóttir
Samskiptateymi
Landspítala

Þyrlupallur eða ekki þyrlupallur

Svo getur farið að engin lendingaraðstaða verði fyrir sjúkraflug við nýjan Landspítala. Samkomulag er um lendingar í Nauthólsvík, 3 km frá spítalanum. Heilbrigðisráðherra tjáði sig um málið og sagðist telja að þyrlupallur þurfi að vera nálægt spítalanum. Hún hyggst funda með borgaryfirvöldum vegna málsins.

Gámastæða sem brúar bilið

Setja á upp færanlega sex hundruð og sextíu fermetra gámastæðu við bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi til að reyna að draga úr álagi og brúa bilið þar til nýr meðferðarkjarni verður opnaður. Í viðtali við RÚV sagði Gerður Beta Jóhannsdóttir forstöðuhjúkrunarfræðingur gámastæðuna ekki leysa allan vanda en hjálpa til.

Fleiri börn glíma við offitu

Offita er vaxandi vandamál á meðal íslenskra barna. Sjötíu börn bíða nú eftir því að komast í Heilsuskóla Barnaspítala Hringsins en aukafjárveiting hefur orðið til þess að unnt er að stytta biðlista. Að sögn Tryggva Helgasonar barnalæknis eru hlutfallslega fleiri börn með offitu hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Tveir greindust með virk berklasmit

Tveir heimilislausir karlar hafa greinst með virk berklasmit. Þeir hafa mögulega útsett aðra fyrir smiti. Fjallað var um málið



á Rás 1 og rætt við hjúkrunarfræðingana Kristínu Davíðsdóttur og Önnu Tómasdóttur sem sögðu frá því hvernig tekið hefur verið á berklasmitum mannanna. Ákveðin áskorun felist í því að stunda smitrakningu hjá fólki sem hafi ekki fasta búsetu og eigi ekki farsíma.

Tugir þúsunda með ógreindan kæfisvefn

12 þúsund manns eru nú í meðferð vegna kæfisvefns en líklegt þykir að um 20-25 þúsund manns á Íslandi séu með ógreindan kæfisvefn. Að sögn Ásu Jóhannesdóttur, deildarstjóra svefnmiðstöðvar Landspítala, hefur tekist að minnka biðtíma eftir svefnrannsókn verulega og er hann núna innan við tvær vikur.

Nýtt app í prófun á hjartadeild

Undanfarin þrjú ár hefur Landspítali unnið að vísindarannsóknum í samstarfi við heilbrigðistæknifyrirtækið Sidekick Health, annars vegar á hópi einstaklinga með hjartabilun og hins vegar með krans-æðasjúkdóm. Davíð O. Arnar, yfirlæknir hjartalækninga, ræddi við Morgunblaðið um nýtt smáforrit frá fyrirtækinu sem hjartadeildin hefur verið að prófa.

Frágangur hafinn innanhúss á NLSH

Innanhússfrágangur er hafinn á tveimur efstu hæðunum, hæðum fimm og sex, í nýjum meðferðarkjarna við Hringbraut. Um eða eftir páska verður efnt til formlegrar auglýsingar útboðs á frágangi tveggja hæða kjallara og á hæðum eitt til fjögur. Áætlaður kostnaður við þennan verkþátt er á þriðja tug milljarða króna.

Rannsaka lífsgæði eftir krabbamein

Landspítali, Krabbameinsfélagið og Háskóli Íslands ætla að rannsaka lífsgæði hjá einstaklingum sem hafa fengið krabbamein og bera þau saman við lífsgæði þeirra sem ekki hafa fengið sjúkdóminn. Margir, sem greinst hafa með krabbamein, glíma við langvinnar og síðbúnar aukaverkanir og einn tilgangur rannsóknarinnar er að meta þörfina fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir þennan hóp. 16 þúsund Íslendingar hafa fengið boð um þátttöku í rannsókninni.

Framhald á næstu síðu.

Fagráð um forgangsröðun verði sett á laggirnar

Hagræðingarhópur stjórnvalda lagði til að komið verði á sérstöku fagráði um forgangsröðun í heilbrigðiskerfinu til að ígrunda ýmis mál sem tengjast þeim flóknu viðfangsefnum sem heilbrigðiskerfið tekst á við. Á fagráðið einnig að aðstoða við að hætta að veita þjónustu og meðferðir sem litlu skila. Þessi tillaga var unnin út frá umsögn Landspítala og er gert ráð fyrir að með þessu verði hægt að spara ríkissjóði átta milljarða króna á árunum 2026-2030.

Símtölum í eitrunarsímann fjölgar

Símtöl í eitrunarsímann eru að færast í aukana, meðal annars vegna nikótínpúða. Helena Líndal, lyfjafræðingur og sérfræðingur í klínikskri eiturefnafræði hjá Eitrunarmiðstöð Landspítalans, segir algengt að hringt sé vegna ungra barna sem hafa komist í einhver hreinsiefni á heimilinu.

Vímuefnaneysla barna aldrei verið harðari

Rúmlega tvö hundruð börn leituðu á bráðamóttöku Landspítala á síðasta og þarsíðasta ári vegna misnotkunar á áfengi og fíkniefnum. Elín Tryggvadóttir, hjúkrunarfræðingur og aðstoðardeildarstjóri á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi, sagði í viðtali við RÚV að neyslan hafi aldrei verið harðari - börn séu í auknum mæli að sprauta sig og séu oft nær dauða en lífi þegar þau komi á spítalann.



Líffæragjöf möguleg eftir blóðrásardauða

Líffæragjöfum á Íslandi gæti fjölgað um þrjár til fjórar á ári þar sem nýtt verklag á Landspítalanum opnar á möguleikann á líffæragjöf eftir blóðrásardauða. Hingað til hafa líffæri aðeins verið fjarlægð úr einstaklingum eftir að heiladauði hefur verið staðfestur og áður en blóðrás hefur stöðvast.

Færri börn á rafhlaupahjólum nota hjálma

Um 40% barna sem koma á Landspítala eftir slys á rafhlaupahjóli eru beinbrotin. Að sögn Helgu Margrétar Þorsteinsdóttur, sérnámslæknis á bráðamóttöku Landspítala, kemur barn að meðaltali annan hvern dag yfir sumartímann á Landspítala með áverka sem tengist slysi á rafhlaupahjóli. Áhyggjuefni er hversu mikið hjálmanotkun á meðal barna hefur dregist saman.



Listaverk fyrir Grensásdeild

Listafólkið Arnar Ásgeirsson og Sirra Sigrún Sigurðardóttir bar sigur úr býtum í samkeppni um listaverk í nýbyggingu Grensásdeildar, endurhæfingardeildar Landspítala, sem NLSH stóð fyrir. Þá hlaut tillaga eftir Önnu Hallin sérstaka viðurkenningu. Samkvæmt myndlistarlögum skal 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberra nýbygginga vera varið til listaverka í henni og umhverfi hennar. Samkeppni þessi var undirbúin og unnin í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Samkeppnin var lokuð að undangengnu lokuðu forvali. Verkefnið fólst í því að gera tillögu að listaverki eða -verkum í nýbyggingu Grensásdeildar eða á lóð hennar. Lögð var áhersla á að listaverkið væri hluti af heildarhönnun byggingarinnar eða lóðarinnar. Nánar má lesa um niðurstöður samkeppninnar hér. Tillögur Arnars má sjá hér og tillögur Sirru hér og hér.


STARFSMANNAMÁL

Ívar ráðinn nýr yfirlæknir



Ívar Gunnarsson hefur verið ráðinn sem yfirlæknir innskriftar, vöknunar og dagdeildar-þjónustu á svæfinga- og gjörgæslu-lækningum. Ívar útskrifaðist úr læknadeild Háskóla Íslands árið 1994, lauk sérnámi í svæfingalækningum frá University of Michigan Medical Center í Ann Arbor árið 2002 og hefur síðan þá sérhæft sig enn frekar í tveimur undirgreinum: svæfingum barna og hjartasvæfingum. Ívar hefur starfað sem sérfræðingur við svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala síðan 2005. „Það eru mörg spennandi verkefni framundan í þessari nýju stöðu. Fagið er að þróast yfir í að verða heildrænt fyrir sjúklinginn en ekki bara í kringum aðgerðarhlutann“, segir Ívar.

Vaxandi traust til Landspítala



Samanburður við stofnanir sem birtar eru undir merkjum Þjóðarpúls Gallup í febrúar 2025.

76% landsmanna bera mikið traust til Landspítala samkvæmt nýrri könnun Gallup. Traustið hefur farið vaxandi sl. 2 ár. Mælt var traust til hátt í 80 stofnana og embætta og var spítalinn á meðal fimm efstu. 63% aðspurðra sögðust bera mikið traust til heilbrigðiskerfisins í heild sinni.

Könnunin var framkvæmd 10. janúar - 25. febrúar 2025, úrtakið var rúmlega 10 þúsund manns og var þátttökuhlutfallið 49%.

Nýtt ferli líffæragjafa

Til stendur að taka upp breytt verklag varðandi mögulegar líffæragjafir á Landspítala.

Nýja verklagið gefur möguleika á líffæragjöf eftir blóðrásardauða, þ.e. þegar blóðrás hefur stöðvast, að ströngum skilyrðum uppfylltum. Eingöngu verður um að ræða sjúklinga sem liggja inni á gjörgæsludeildum spítalans. Á hverju ári fara fram á bilinu 8-10 líffæragjafir á spítalanum en ætla má að nú bætist við u.þ.b. þrjár á ári.

Líffæragjöf eftir blóðrásardauða er viðkvæmt og flókið ferli sem þýðir að starfsfólk á skurðstofum, gjörgæsludeildum og svæfingu hefur knappari tíma til að koma gjafanum inn á skurðstofu og hefja aðgerð heldur en þegar um heiladauða er að ræða. Þetta



krefst mikillar þjálfunar og samvinnu og af þessu tilefni fór nýlega fram hermiþjálfun á Landspítala, þar sem starfsfólk æfði m.a. að fara yfir gátlista og hvort allur útbúnaður væri til staðar auk þess að tryggja að hver og einn væri með sitt hlutverk á hreinu. Starfsfólkinu innan handar voru sérfræðingar í líffæragjöfum frá Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Svíþjóð.

Í þessu myndbandi er rætt við Sigrúnu Ásgeirsdóttur, svæfinga- og gjörgæslulækni.



Laufeyjarteymi Landspítala

– Bati, jafnvægi og aukin lífsgæði

Laufeyjarteymið tilheyrir fíknilínu geðþjónustu Landspítala. Teymið sinnir einstaklingum með samslátt alvarlegra geðsjúkdóma og fíknar.

Laufeyjarteymið er vettvangsteymi, sem merkir að stærstur hluti þjónustunnar er veittur í nærumhverfi skjólstæðinga, til dæmis á heimilum eða öðrum stöðum eftir atvikum.

Laufeyjarteymi veitir sveigjanlega þjónustu, í takt við sveigjanlegt eðli alvarlegra geðsjúkdóma. Við versnun eykst umönnun og í bata er dregið úr henni.

Markmið þjónustu Laufeyjarteymis er að stuðla að bata, auknu jafnvægi og bættum lífsgæðum einstaklinga, með tilliti til þeirra áskorana sem þau standa frammi fyrir.

Hugmyndafræði Laufeyjarteymis byggir á batamiðaðri hugmyndafræði, skaðaminnkun, áhugahvetjandi samtalstækni og geðlæknisfræði.

Batamiðuð hugmyndafræði hefur það að leiðarljósi að bataferli og bati er ekki alltaf eins. Bati er einstaklingsbundinn og veltur á vilja, getu og markmiðum hvers skjólstæðings.




Skaðaminnkandi hugmyndafræði felur í sér að draga úr skaða vímuefnanotkunar. Nálaskiptiþjónusta er til dæmis mjög þekkt form skaðaminnkunar, sem dregur verulega úr hættu á sýkingum og öðrum smitsjúkdómum á borð við lifrabólgu C.

Áhugahvetjandi samtalstækni byggir á því að kalla fram innri hvöt fólks til breytinga og stuðla þannig að jákvæðri breytingu, fremur en að fagaðili komi með fyrirfram tilbúnar lausnir og siðapredikanir.


Skjólstæðingar Laufeyjarteymis eiga það sameiginlegt að hafa greinst með alvarlega geð- og fíknsjúkdóma. Teymið, sem er þverfaglegt, fylgir eftir geðhag (líðan) skjólstæðinga og getur veitt inngrip eftir þörfum, hvort sem er



með auknum stuðning, fræðslu, lyfjum eða öðrum úrræðum. Samsláttur þessa tveggja sjúkdóma hefur oft í för með sér önnur áhrif á líkamlega heilsu fólks og er það markmið teymisins að styrkja fólk til bættrar heilsu, bæði á sál og líkama.



Laufeyjarteymið tók yfir Instagram aðgang Landspítala á dögunum og fór í gegnum dag í starfi deildarinnar. Hafir þú áhuga á að kynna þína deild á Instagram síðu spítalans er hægt að hafa samband: ***samskiptateymi@landspitali.is***









Vísindastefna Landspítala 2025-2030 var kynnt í Hringsal Landspítala þann 19. mars síðastliðinn.


Vísindastefna Landspítala 2025-2030



Karl Andersen
Formaður stjórnar
Vísindaráðs

Öflugt vísindastarf er ein af mikilvægustu grunnstoðum hvers háskólasjúkrahúss. Vísindi auka fagmennsku, gæði og öryggi meðferðar og eru forsenda framþróunar í heilbrigðisþjónustu og menntun heilbrigðisstétta. Enda er kveðið á um hið þríþætta hlutverk Landspítala í lögum um heilbrigðisþjónustu nr 40 2007: klínísk þjónusta, vísindastarf og menntun heilbrigðisstétta. Til þess að skapa virka vísindastofnun þurfa margar forsendur að vera uppfylltar og vinna saman.

Vísindaráð Landspítala hefur m.a. það hlutverk að vera forstjóra til ráðgjafar um vísindaleg málefni á spítalanum. Í byrjun nóvember s.l. skilað stjórn Vísindaráðs nýrri Vísindastefnu 2025-2030 til forstjóra. Stefnan byggir á fyrri vísindastefnu en inniheldur að nokkru breyttar áherslur. Vísindastefnan hefur verið kynnt framkvæmdastjórn, fagráði og stjórn Landspítala. Í vísindastefnunni eru fjölmörg sóknarmarkmið og bent er á leiðir til að ná þeim markmiðum. Inntaki vísindastefnunnar má skipta í eftirfarandi flokka, sem hvert um sig er útfært nánar:



- Að fjárframlög til vísindarannsókna séu sambærileg við norræn háskólasjúkrahús
- Að aðstaða til vísindastarfa innan Landspítala sé stórbætt og ástundun vísindalegra rannsókna sé samofin daglegri starfsemi
- Að styðja við uppbyggingu vísindastarfs þar sem starfsfólk Landspítala er í leiðandi hlutverki
- Að áhersla sé lögð á fjölbreytni í rannsóknum, þverfaglega nálgun og samstarf
- Að leggja grunn að því að Landspítali geti orðið í fremstu röð á alþjóðlegum vettvangi vísinda

Vísindastefnuna má nálgast á heimasíðu spítalans. Fyrir dyrum stendur vinna við Aðgerðaráætlun í vísindum sem byggir á vísindastefnunni. Aðgerðaráætlunin verður nánar kynnt á Vísindum á vordögum í Hringsal 30. apríl næstkomandi.



FRAMHALDSNÁM

MS í gjörgæsluhjúkrun

UMSÓKNARFRESTUR TIL OG MEÐ 15. APRÍL

Um námið

• MS nám í gjörgæsluhjúkrun við HÍ spannar gjörgæslumeðferð nýbura, barna og fullorðinna

• Efling þekkingar í hjúkrun sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi sem þurfa gjörgæslu

• Klínísk starfsþjálfun á gjörgæsludeildum Landspítala og 30% námsleyfi allan námstímann

Að námi loknu

• Þekking á nýtingu rannsókna og gagnreyndrar þekkingar í hjúkrun

• Þátttaka í öflugri uppbyggingu sérfræðiþekkingar í gjörgæsluhjúkrun

• Undirbúningur að sérfræðiréttindum í hjúkrun gjörgæslusjúklinga

Inntökuskilyrði

• BS próf í hjúkrunarfræði með að lágmarki 6,5 í aðaleinkunn

• Íslenskt hjúkrunarleyfi

• Góð íslensku- og enskukunnátta

Upplýsingar veita Hulda Long verkefnastjóri framhaldsnáms við hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild HÍ (huldalong@hi.is) og Rannveig J. Jónasdóttir sérfræðingur í hjúkrun gjörgæslusjúklinga og dósent við HÍ (rannveij@landspitali.is)

LANDSPÍTALI

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Trachteymi (barkaraufartúbuteymi)

Trachteymi (barkaraufartúbuteymi) er þverfagleg þjónusta fyrir sjúklinga sem fá tracheostomiutúbu á gjörgæsludeild og útskrifast þaðan á legudeild með tracheostomiutúbu.

Í teyminu eru sérfræðingur í hjúkrun gjörgæslusjúklinga sem leiðir teymið (Rannveig J. Jónasdóttir), talmeinafræðingur (Ester Sighvatsdóttir), sérfræðilæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum (Einar Freyr Ingason) og sérfræðilæknir í háls-, nef- og eyrnalækningum (Örnólfur Þorvarðsson).

Þjónustan er veitt í samstarfi við hjúkrunarfræðinga og sérfræðilækna sjúklinga á legudeildum og felst meðal annars í ráðleggingum um:

- Súrefnisgjafaleiðir, notkun öndunarvéla (BiPAP, High-flow), sogun, umhirðu, útbúnað
- Kyngingu og tal
- Stærð og gerð tracheostomiutúbu
- Þörf á að skipta um tracheostomiutúbu
- Að fjarlægja tracheostomiutúbu

Hægt er að óska eftir ráðgjöf Trachteymis í Heilsugátt á rásinni „Tracheostomiuteymi – Ráðgjöf“ en rásin er vöktuð af Trachteyminu frá kl. 08:00 – 15:30 virka daga. Jafnframt fær vaktstjóri gjörgæsludeildar E6 Fossvogi boð með SMS um beiðnir á rásinni. Einnig má hringja í sérfræðing í hjúkrun gjörgæslusjúklinga vegna sjúklinga á legudeild með tracheostomiu S: 825-3522 eða vaktstjóra hjúkrunar á gjörgæsludeild Fossvogi S: 824-5680.



Nánari upplýsingar um þjónustu Trachteymis eru á heimasíðu Landspítala í gæðaskjalinu Trachteymi (barkaraufartúbuteymi) – þjónusta teymis (VIN-0015).

Starfsfólki kennd grunnendurlífgun

Sérstakt átak er hafið í að kenna starfsfólki Landspítala grunnendurlífgun. Menntadeildin mun á næstu vikum heimsækja ýmsar starfsstöðvar spítalans og kenna starfsfólki hvernig bregðast eigi við fari fólk í hjartastopp: hvernig eigi að byrja að hnoða, blása og nota sjálfvirkt hjartastuðtæki áður en sérhæfð aðstoð berst. Sömuleiðis eru kennd viðbrögð við aðskotahluti í öndunarvegi og ofnæmislosti. Áður en verkleg kennsla hefst þarf fólk að ljúka u.þ.b. 1 klst. vefnámi í Eddu.

Næsta haust verða svo regluleg námskeið í grunnendurlífgun fyrir allt starfsfólk Landspítala í HermÍs hermisetrinu í Eirbergi á Eiríksgötu.

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, leit við á grunnendurlífgunarnámskeiði sem fram fór á líknardeildinni um miðjan marsmánuð.











Aukum öryggi sjúklinga við flutning milli heilbrigðisstofnana



Margrét Guðjónsdóttir
Verkefnastjóri

Það er vandasamt að flytja sjúklinga milli heilbrigðisstofnana þannig að samskipti, flutningur og móttaka sé með öruggum hætti. Reynslan sýnir að það er hætta á atvikum við flutning milli staða og einninga og því þarf að tryggja að vel sé að öllu staðið.

Í kjölfarið á einu slíku atviki fól Embætti landlæknis framkvæmdastjórum lækninga á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri að gera verklag um flutning sjúklinga milli heilbrigðisstofnana sem gæti nýst öllum heilbrigðisstofnunum á landinu.

Nýjar leiðbeiningar hafa nú verið gefnar út í gæðahandbók Landspítala fyrir allar heilbrigðisstofnanir sem eiga að fyrirbyggja að sjúklingar séu fluttir milli stofnana án samráðs og nauðsynlegra upplýsinga.

Sömuleiðis hefur verið gefið út endurskoðað verklag fyrir flutning sjúklings á Landspítala frá annarri heilbrigðisstofnun sem er ítarlegra og snýr að innri ferlum Landspítala við móttöku sjúklinga. Þar er í fyrsta skipti skýrt nákvæmlega hvernig læknir utan Landspítala hefur samband við réttan aðila á Landspítala og hvernig ráðgefandi læknir á Landspítala tekur málið áfram t.d. að tilkynna viðeigandi aðilum komu sjúklings á fyrsta viðkomustað eftir flutning, hvernig innlagnastjórar koma að því að útvega viðeigandi legurými og hlutverk allra við að tryggja fullnægjandi upplýsingagjöf.

Tilgangur og markmið þessarar vinnu er að hjálpa okkur að flytja sjúklinga milli heilbrigðisstofnana á skilvirkan og öruggan hátt og tryggja góðar móttökur og upplýsingagjöf.

Yfirseta yfir sjúklingum – nýtt verklag

Stundum þarf að stuðla að auknu öryggi sjúklinga á Landspítala með sérstöku eftirliti eða yfirsetu. Sjúklingarnir eru þá t.d. órólegir eða með óráð, í mikilli byltuhættu eða í hættu á sjálfsskaða.

Búið er að birta nýjar verklagsreglur vegna yfirsetu fyrir sjúklinga á legudeildum og bráðamóttökum á Landspítala. Í verklagsreglunum er fjallað um hvernig taka eigi ákvörðun um yfirsetu og framkvæma hana og svo um endurmat og afléttingu. Einnig er búið að vinna sérstakar vinnureglur á eftirlitinu sjálfu og skiptist það nú í græna, gula og rauða yfirsetu. Græn yfirseta er óreglulegt eftirlit með sjúklingi á 15 til 30 mínútna fresti, gul yfirseta er stöðugt eftirlit og rauð yfirseta er þannig að sjúklingur er innan armslengdar eftirlitsaðila á öllum tímum.





Fjölbreytt erindi og tækifæri í öldrunarþjónustu

Dagur öldrunar var haldinn hátíðlega þann 13. mars á Hótel Natura. Þema dagsins var *Hvar liggja tækifærin í öldrunarþjónustu?* og var lögð áhersla á mikilvægi þverfaglegrar samvinnu, þróun nýrra lausna og nýtingu tækifæra í öldrunarþjónustu. Ráðstefnan var afar vel sótt með um 200 þátttakendum og var uppselt á viðburðinn. Þverfagleg erindi voru flutt af heilbrigðisstarfsmönnum frá öllum þjónustustigum öldrunarþjónustu, bæði frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Viðburðurinn tókst afar vel og undirstrikaði þau fjölmörgu tækifæri sem eru til staðar í öldrunarþjónustu á Íslandi.

STARFSMANNAMÁL


Aðalbjörg nýr persónuverndarfulltrúi




Aðalbjörg Guðmundsdóttir hefur verið ráðin nýr persónuverndar-fulltrúi Landspítala. Aðalbjörg lauk meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2013 og hefur hlotið málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi. Aðalbjörg hefur yfir áratuga skeið starfar í opinberri stjórnsýslu og hefur umfangsmikla þekkingu og reynslu á sviði heilbrigðislöggjafarinnar. Með námi og fyrstu árin eftir útskrift starfaði Aðalbjörg á lögmannsstofunni CATO Lögmenn. Því næst starfaði hún hjá Sjúkratryggingum Íslands og voru helstu verkefni hennar þar vinnsla ákvarðana um rétt til bóta úr sjúklingatryggingu. Þá starfaði hún sem lögfræðingur á skrifstofu innviða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisráðuneytinu.

LANDSPÍTALI







Vantar þig tæknihjálp?

Opið hús Þróunarsviðs | Blásalir, Fossvogi | 9. apríl frá 10.00 - 14.00

Á staðnum verða einstaklingar frá Verkefnastofu, Þjónustumiðstöð/1550 og Stafrænni framþróun.

Markmiðið með deginum er að veita svör og leiðbeiningar varðandi verkefni sem þróunarsvið sinnir og tölvukerfi spítalans.

Ertu með spurningar? Hafðu samband: sandrag@landspitali.is

Meðal annars verður veitt aðstoð með:

- Heilsugátt
- Microsoft Teams og Viva Engage
- Verkefnagátt
- Landspítala Appið
- Orbit
- Imprivata - Örugg innskráning
- Mælaborð (Power BI) á Landspítala
- Company Portal og Authenticator
- Smástund, Vinnustund og Vinna
- Vefverslun Orra
- Edda fræðslukerfi

Stýrihópur um lyfjaþjónustu í meðferðarkjarna stofnaður

Lyfjaþjónusta er ein þeirra deilda sem taka mestum breytingum við flutning í meðferðarkjarna. Þar verður nýjasta tækni nýtt til að bæta lyfjaöryggi sjúklinga og auka skilvirkni í lyfjaumsýslu, auk þess sem aðstaða fyrir starfsfólk verður stórbætt og nútímavædd. Þetta þýðir kaup á flóknum og sérhæfðum tækjabúnaði, uppfærslu hugbúnaðarkerfa, tilfærslu verkefna og endurhugsun verkferla og flæðis. Ljóst er að verkefnið er krefjandi þar sem þetta hefur ekki verið gert áður á Íslandi en á sama tíma er spennandi undirbúningsvinna framundan. Í stýrihópnum sitja frá Landspítala þau Arnþrúður Jónsdóttir, forstöðumaður lyfja- og næringarþjónustu, og Jón Hilmar Friðriksson, forstöðumaður Hringbrautarverkefnisins.

Lokað lyfjaferli er lykilhugtak í bættu lyfjaöryggi sjúklinga. Keyptur verður tækjabúnaður sem útbýr sérhverja lyfjaeiningu í stökum pakka



með strikamerki, heiti lyfs, styrkleika, lotu og fyrningu. Vélbúnaðurinn getur tekið saman lyfjaskammt sjúklings daglega og sent á viðkomandi legudeild. Hver lyfjaeining er með strikamerki sem auðkennir lyfin. Við lyfjagjöf eru því lyf sjúklinga á einum stað, hjúkrunarfræðingur auðkennir sig í hugbúnaðarkerfi sem notað er við lyfjagjöf, skannar armband sjúklings og skannar strikamerki hvers lyfs sem gefið er. Ef lyfjagjöf passar ekki við sjúklinginn er ekki hægt að komast áfram. Auðvelt er að endurnýta þau lyf sem ekki eru notuð, t.d. vegna breyttra lyfjafyrirmæla, þar sem lyfið er í upprunalegri pakkningu og því minnkar sóun lyfja og umhverfisáhrif verða bætt.

Aukin fræðsla til sjúklinga við afgreiðslu lyfja

Nýlega gaf Lyfjastofnun út leiðbeiningar um góða starfshætti við afgreiðslu lyfseðla í apótekum. Aukin áhersla er lögð á upplýsingamiðlun um lyf og fræðslu til sjúklinga í þeim tilgangi að stuðla að réttri og ábyrgri notkun lyfja og takmarka þannig áhættu sem skapast getur við ranga notkun lyfja.

Afgreiðsluapótek Landspítala er staðsett í kjallara á Hringbraut og afgreiðir einkum lyfseðilsskyld lyf fyrir dag- og göngudeildarsjúklinga Landspítala. Mikill faglegur metnaður er hjá starfsfólki sem leggur sig fram við vandaða og faglega upplýsingagjöf við afgreiðslu lyfja, gjarnan í samráði við annað starfsfólk Landspítala.

Ef þú lumar á tillögum að upplýsingum og fræðslu sem apótekið gæti stutt við þína skjólstæðinga viljum við gjarnan heyra frá þér. Dæmi gæti verið að endurtaka kennslu á lyfjapennum, hvort borða megi nálægt lyfjagjafatíma eða benda á hjúkrunarvörur eða hjálpartæki sem styðja við örugga lyfjagjöf. Best er að hafa samband við afgreiðsluapótekið á netfanginu lyfsedlar@landspitali.is


Þverfagleg jafningjafræðsla



Freyja Jónsdóttir
Doktor í klínískri lyfjafræði

Á Landspítala gefst nemendum úr ólíkum greinum heilbrigðisvísinda tækifæri til að vinna saman og læra hver af öðrum. Undanfarin ár höfum við haldið reglulega kennslulotur þar sem við leiðum saman sérnámslækna í geðlæknisfræði og sérnámslyfjafræðinga í klínískri lyfjafræði. Sérnámslæknar og sérnámslyfjafræðingar taka fyrir ákveðinn lyfjaflokk og fræða hverjir annan.

Núna í mars tóku hóparnir fyrir þunglyndislyf og kvíðalyf. Sérnámslæknar og sérnámslyfjafræðingar unnu saman að undirbúningi fyrir fræðsluna og nýttu þannig sérþekkingu hvor annars til að efla þekkingu sína. Þverfaglega jafningjafræðslan dýpkar þekkingu á fagsviði ólíkra stétta, eykur traust milli fagstétta auk þess að dýpka þekkingu þátttakenda á viðfangsefninu hverju sinni.



Skapandi lausnir fyrir heilsutækni



Bylgja Kærnested
Forstöðuhjúkrunar-fræðingur

Þann 7. og 8. mars var Hugmyndahraðhlaupið haldið í Grósku í samstarfi við KLAK - Icelandic Startups. Hraðhlaupið hafði það markmið að þróa nýjar, skapandi lausnir fyrir heilsutækni. Áskoranir voru settar fram af Landspítala, heilbrigðisráðuneytinu, Stafrænu Íslandi og sjálfstæðum frumkvöðlum. Þátttakendur voru m.a. frá Landspítala, heilsugæslunni og úr nýsköpunarnáminu. Sex teymi, undir handleiðslu leiðbeinanda, unnu að lausnum sem miðuðu að umbótum í heilbrigðiskerfinu með einfaldari ferlum og skilvirkara upplýsingaflæði. Teymin notuðu tækni eins og gervigreind til að bæta heilbrigðiskerfið og kynntu fjölbreyttar lausnir í lok hraðhlaupsins.

„Það var frábært að sjá fjölbreyttan hóp sérfræðinga úr heilbrigðiskerfinu koma saman. Þetta tækifæri til samstarfs og nýsköpunar var einstakt," sagði einn af skipuleggjendunum. Þróun lausnanna heldur áfram og við hlökkum til að sjá áhrif þeirra á heilbrigðisþjónustu.


„Mín Heilsa" frá Landspítala

Landspítali setti fram áskorun um að bæta upplýsingagjöf til sjúklinga, með því að safna saman niðurstöðum rannsókna, tímabókunum, fræðsluefni og fleiru á einum stað. Lausnin varð til í formi heimasíðunnar „Mín Heilsa", sem hópurinn vonar að verði þróuð áfram. Þessi útfærsla á vonandi eftir að auka hagkvæmni, þátttöku og ábyrgð sjúklinga.

Hópurinn VIA Health lenti í fyrsta sæti í Hugmyndahraðhlaupinu. Hópurinn vann með eftirfarandi áskorun frá Heilbrigðisráðuneytinu: ,,Heilbrigðisráðuneytið leitar að nýstárlegum leiðum til að safna saman og samræma upplýsingar um biðlista barna í heilbrigðiskerfinu." Hópurinn ákvað að taka áskorunina skrefi lengra og horfa til framtíðar um hvernig nýta megi tækni til að leysa fleiri áskoranir innan heilbrigðiskerfisins. Sérstök áhersla var lögð á sjónarhorn foreldra og barna, með það að markmiði að draga úr óvissu, bæta aðgengi að gagnlegum upplýsingum og auka gagnsæi í ferlum.



Vinningshafar í hópnum VIA ásamt dómnefnd.






Hópurinn sem vann að tillögunni ,,Mín heilsa".


Skýrari sýn á stöðu biðlista

Mikill kostnaður fellur til vegna biðlistaumsýslu innan heilbrigðiskerfisins. Lausnin sem hópurinn kynnti lofar ekki einungis bættu aðgengi að þjónustu og upplýsingum, heldur einnig tækifæri til að nýta gögn til upplýstrar ákvarðanatöku, stefnumótunar og markvissari úthlutunar fjármuna. Verkefnið endurspeglar skýrar vonir og væntingar bæði notenda og stjórnenda kerfisins um skilvirkara og betra heilbrigðiskerfi fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Hópurinn vonast nú til að þróa hugmyndina enn frekar til að öðlast skýrari sýn á stöðu biðlista barna með fjölþættar þarfir á Íslandi – bæði fyrir fjölskyldur, meðferðaraðila og stjórnvöld.

Lokaútkoman var sýnd á seinni deginum en þar fékk sigurliðið 200.000 kr.

,,Þátttaka í hugmyndahraðhlaupinu var mjög skemmtileg og upplýsandi reynsla. Bæði lærðum við aðferðir til að leysa flóknar áskoranir á skömmum tíma og einnig að setja hugmyndir fram á skýran og aðgengilegan hátt til að koma þeim á framfæri. Við vonum að þessi reynsla nýtist okkur innan spítalans til að vinna verkefni á skilvirkan og árangursmiðaðan hátt," segja forstöðuhjúkrunarfræðingarnir Bylgja, Erla Dögg og Júlíana Guðrún, sem tóku þátt í hugmyndahraðhlaupinu.





Stafræn framþróunarverkefni í starfsemi Landspítala

Innan þróunarsviðs Landspítala er sífellt unnið að því að þróa ferla og verklag og endurbæta hugbúnaðarkerfi og tækjabúnað til að veita sjúklingum sem besta þjónustu en einnig auðvelda starfsfólki að vinna sín störf. Stafræn framþróunarverkefni er lykilþáttur í því sambandi. Hér eru nokkur dæmi um slík verkefni sem nýlega hafa verið innleidd í starfsemi spítalans.

Samstarf Landspítala og annarra heilbrigðisstofnana – Skynsamleg nýting fjármuna

Sjúkraskrá spítalans samanstendur af yfir 100 hugbúnaðarkerfum sem Heilsugátt tengir saman. Þótt þarfir spítalans séu meiri en flestra heilbrigðisstofnana þá er stefnan að veita stofnunum aðgang að kerfum spítalans eftir óskum. Samstarfið hófst með blóðrannsóknum en smám saman hefur samnýttum kerfum fjölgað. Mest samvinna er við SAk en flestar stofnanir nýta kerfi Landspítala í dag. Til viðbótar eru alls 77 stofnanir og einkastofur með aðgang að Heilsugátt. Fjöldi ytri notenda tölvukerfa spítalans er nú um 5000 og slagar hátt í heildarfjölda notenda innan spítalans. Stefnt er að aukinni samvinnu Landspítala og SAk, meðal annars að SAk nýti Heilsugátt á sama hátt og spítalinn gerir í dag, liður í því er sameining gagnagrunna Sögukerfis Landspítala og SAk.

Vöru- og birgjastjórnun – Skipulagning og skilvirkni

Hugbúnaðarkerfum og lækningatækjum á spítalanum fjölgar stöðugt. Markmið er að tryggja framþróun allra okkar lausna en samhliða að tryggja öruggan rekstur þeirra og nauðsynlega þjónustu. Liður í því er vöru- og birgjastjórnun. Yfir 400 hugbúnaðarkerfi og lækningatækjaflokkar eru skilgreind í vöruskrá HUT, þar sem vörur eru flokkaðar sem gull, silfur, brons eða járn og unnið með þær í samræmi við það. Einnig á spítalinn samstarf við yfir 300 birgja og framleiðendur á sviði heilbrigðis- og upplýsingatæknimála. Til að auðvelda yfirsýn og tryggja skilvirkni hefur verið útbúin sýn á einstakar vörur, birgja og samstarfsstofnanir. Sjá dæmi um síðu vöru, síðu birgja og síðu samstarfsstofnana. Verklagið er hluti af gæðakerfi starfseminnar sem hefur verið vottuð samkvæmt ISO-27001 upplýsingaöryggis staðlinum í yfir 15 ár.

Sjálfvirkni í aðgangsveitingum – Vörður og Leynihólfið

Notendur í rafrænum kerfum Landspítala eru nálægt 14.000 í dag (aðgangur sjúklinga að Landspítala-appinu ekki með, eru 232.000 í dag). Aðgangsveitingar að kerfum spítalans eru hátt í 70.000 á ári. Sjálfvirkni tryggir að þegar starfsfólk hefur störf fæst sjálfkrafa aðgangur að þeim kerfum sem við á. Á sama hátt er lokað sjálfkrafa fyrir aðgang þegar starfsfólk hættir störfum. Aðgangskerfið Vörður heldur utan um allar aðgangsveitingar starfsfólks Landspítala og ytri stofnana, og framkvæmir sjálfvirkt það sem mögulegt er. Aðgangsstjórar 1550 sjá síðan um þær handvirku aðgangsveitingar sem sinna þarf. 85% aðgangsveitinga eru sjálfvirkar og unnið er markvisst að því að auka það hlutfall. Vörðurinn er í stöðugri framþróun, þar má nefna aðgang nema og aðgang heilbrigðisstarfsfólks sem starfar á fleiri en einni stofnun. Afhending lykilorða að hugbúnaðarkerfum til notenda fer fram í gegnum Leynihólfið, þar sjá notendur aðgang sinn að hugbúnaðarkerfum spítalans. Sjá skjámyndir úr Verðinum og Leynihólfinu.



FARSÆLD BARNA

Málþing fagráðs í fjölskylduhjúkrun á Landspítala og faghóps fjölskyldustuðnings á Sjúkrahúsinu á Akureyri

Mánudaginn 28. apríl 2025 frá kl.13:00 –15:45 í Hringsal Landspítalans.
Málþingið er öllum opið og verður streymt á fésbók Landspítala.
Frábær dagskrá og eru allir hvattir til að mæta.
Fundarstjóri: Sigrún Sunna Skúladóttir

DAGSKRÁ

13:00 **Opnun málþings** Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor, formaður fagráðs í fjölskylduhjúkrun á Landspítala

13:10 **Farsældarlögin - Hlutverk og ábyrgð heilbrigðisstarfsfólks** Berglind Hauksdóttir og Sólveig Rósa Sigurðardóttir, sérfræðingar á Farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu (BOFS)

13:20 **Innleiðing Farsældarlaga á Landspítala - núverandi staða og framtíðarsýn** Melkorka Jónsdóttir, verkefnastjóri á Landspítala

13:30 **Börn sem aðstandendur** Anna Dóra Sigurðardóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á Landspítala

13:40 **Innleiðing farsældarlaga á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Snæbjörn Ómar Guðjónsson, sérfræðingur í geðhjúkrun, Sjúkrahúsið á Akureyri

13:50 **Stuðningur hjúkrunarfræðinga á göngudeild barna: Sjónarhorn foreldra barna með sykursýki** Elísabet Konráðsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala og Margrét Sigmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur MSc á Landspítala

14:00 **Kaffihlé**

14:30 **Nýjungar í kennslu í fjölskylduhjúkrun** Kristín Björg Flygenring, sérfræðingur í barnahjúkrun á Landspítala

14:40 **Sérhæfð fjölskylduhjúkrun - samsköpun í kennslu** Dr. Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir, prófessor HÍ, forstöðumaður fræðasviðs geðhjúkrunar á Landspítala og Ragnheiður H. E. Bjarman, geðhjúkrunarfræðingur á Landspítala og aðjúnkt HÍ

14:50 **Stuðningur við aðstandendur í geðþjónustu á Landspítala** Halldóra Víðisdóttir, forstöðuhjúkrunarfræðingur, Geðþjónusta á Landspítala

15:00 **Fjölskyldustuðningur á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Lóa Maja Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild, Sjúkrahúsið á Akureyri

15:10 **Stuðningur við barnafjölskyldur á líknardeild Landspítala í Kópavogi** Svandís Íris Hálfdánardóttir, sérfræðingur í líknarhjúkrun á Landspítala

15:20 **Pallborðsumræður/fyrirspurnir**

15:45 **Málþing slitið** Sigríður Sía Jónsdóttir, sérfræðiljósmóðir/ dósent hjúkrunarfræðideild, Háskólinn á Akureyri

HÁSKÓLI ÍSLANDS · LANDSPÍTALI · SAk · Háskólinn á Akureyri

Ný löggjöf um sjúklingatryggingu



Aðalbjörg Guðmundsdóttir
Persónuverndarfulltrúi Landspítala

Þann 1. janúar sl. tóku í gildi ný lög um sjúklingatryggingu (lög nr. 47/2024). Ákveðið var að setja nýja heildarlög þar sem breytingar frá eldri lögum (lög nr. 111/2000) voru töluverðar, enda 25 ár liðin frá gildistöku þeirra. Nýja löggjöfin kveður nú á um skyldu til vissrar upplýsingagjafar og það er því mikilvægt að heilbrigðisstarfsmenn Landspítala séu upplýstir um réttindi sjúklinga og eftir atvikum aðstandenda, samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu og séu óhræddir við að miðla hvað í þeim felst enda stuðlar slík upplýsingagjöf að frekara öryggi í heilbrigðisþjónustu.

Hvað er sjúklingatrygging?

Með lögum um sjúklingatryggingu hefur verið komið á sérstöku kerfi trygginga fyrir sjúklinga sem njóta heilbrigðisþjónustu hér á landi. Tilgangurinn er að auka bótarétt sjúklinga sem verða fyrir heilsutjóni vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð og jafnframt að gera þeim auðveldara að ná fram rétti sínum. Sjúkratryggingar annast stjórnsýslu sjúklingatryggingar og er um að ræða bótaréttindi til handa einstaklinga og er því ekki sambærilegt úrræði og kvörtun sjúklings til embættis landlæknis vegna heilbrigðisþjónustu þar sem embættið tekur einungis til skoðunar gæði veittrar heilbrigðisþjónustu og beinir, eftir atvikum, tilmælum til veitenda umræddrar þjónustu.

Hverjir eru tryggðir og hvenær?

Lög um sjúklingatryggingu veita sjúklingum rétt til bóta vegna líkamlegs eða geðræns tjóns sem viðkomandi verður fyrir í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð á sjúkrahúsi, heilsugæslustöð eða annarri heilbrigðisstofnun, í sjúkraflutningum eða hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt. Einnig eru tryggðir þeir sem gangast undir læknisfræðilega tilraun sem ekki er liður í sjúkdómsgreiningu eða meðferð vegna sjúkdóms viðkomandi og loks, þeir sem gefa vef, líffæri, blóð eða annan líkamsvökva.



Sjúklingum er veittur víðtækari réttur til bóta en flestum öðrum tjónþolum þar sem ekki þarf að sýna fram á að neinn beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. Þannig má ætla að sjúklingatrygging greiði fyrir því að nauðsynlegar upplýsingar fáist um það sem betur má fara í heilbrigðiskerfinu og dragi þannig úr tortryggni milli sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna.

Ný lög um sjúklingatryggingu

Markmið með setningu nýju laganna var að einfalda einstaklingum enn frekar að sækja bætur vegna tjóns af völdum heilbrigðisþjónustu og auka tryggingavernd þeirra. Helstu nýmæli eru eftirfarandi:

- *Foreldrar eiga nú rétt til bóta vegna andláts fósturs á meðgöngu eða barns undir 18 ára aldri vegna atviks sem fellur undir sjúklingatryggingu.*
- *Þeir sem gangast undir bólusetningu á Íslandi með bóluefni sem íslensk heilbrigðisyfirvöld leggja til eiga rétt til bóta vegna tjóns sem hlýst þar af.*
- *Hámarksupphæð bóta var hækkuð úr um það bil 14 m.kr. í 21 m.kr.*
- *Tjónsatvik af völdum heilbrigðisþjónustu eru ekki lengur aðgreind í lögunum eftir því hvar atvik átti sér stað. Sjúkratryggingar annast nú stjórnsýslu allra bótamála sem byggja á lögum um sjúklingatryggingu. Áður voru sjálfstætt starfandi veitendur heilbrigðisþjónustu með sjúklingatryggingu hjá vátryggingafélögum. Reynslan sýndi að málsmeðferð var ólík eftir tryggingafélögum og því ljóst að samræma þyrfti málsmeðferð og tryggja jafnræði þannig allir sitja við sama borð, óháð því hver veitti þeim þjónustuna.*

Ný skylda heilbrigðisstarfsmanna

Vert er að huga sérstaklega að þeirri breytingu sem felur í sér skyldu á veitendur heilbrigðisþjónustu að upplýsa sjúklinga um tilvist sjúklingatryggingar og mögulegan rétt þeirra til bóta. Í fyrri lögum var kveðið á um skyldu sjúkratryggingarstofnunarinnar til að kynna ákvæði laganna fyrir almenningi en sú kynning hefur ekki verið sem skyldi. Löggjafinn taldi eðlilegra að mati löggjafans að upplýsingum um sjúklingatryggingu væri komið á framfæri af heilbrigðisstarfsmönnum þegar veiting heilbrigðisþjónustu á sér stað. Þá má ætla að slík upplýsingagjöf sé mun skilvirkari og má í því samhengi nefna að hér á landi berast töluvert færri umsóknir um bætur úr sjúklingatryggingu miðað við höfðatölu en til að mynda í Danmörku þar sem hvílir lagaskylda á heilbrigðisstarfsmönnum til að upplýsa um trygginguna.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að kynna sér sjúklingatryggingu nánar sem og umsóknarferlið á vef Sjúkratrygginga Íslands, og nýja löggjöf á vef Alþingis.



Afmæli dagdeildar skurðlækninga

Dagdeild skurðlækninga í Fossvogi fagnaði 15 ára starfsafmæli þann 21. mars sl. Til að fagna áfanganum var starfsfólki boðið upp á kökur og kruðerí. Á deildinni er sjúklingur undirbúinn vel fyrir aðgerð og hann fræddur um þau inngrip sem munu eiga sér stað. Þar hittir fólk einnig lækni og fær nauðsynleg lyf. Á deildina koma að meðaltali 30 sjúklingar á dag og hefur starfsemin aukist gríðarlega á síðustu árum. Rík áhersla er lögð á að hver sjúklingur fái þar einstaklingsmiðaða þjónustu.



Á myndinni eru Guðrún Valgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur á A5 og stofnandi dagdeildar, Bjarnveig Pálsdóttir, fyrrverandi deildastjóri á A5, Edda Dröfn Daníelsdóttir, deildarstjóri á A5, Sigrún Sigurðardóttir, fyrrverandi deildarstjóri á A5, og Sólveig Sverrisdóttir, fyrrverandi deildarstjóri á A5.









Genotype and Machine Learning Based Blood Matching: Towards Improved Transfusion Outcomes

April 2nd | 10:30 AM – 12:30 PM | Location: Hringsalur, Landspítali



GUEST SPEAKER

Nicholas Gleadall on behalf of the Blood Transfusion Genomics and Haem-Match Consortium
Assistant Professor of Transfusion and Transplantation Genomics
Victor Dahdaleh Heart and Lung Research Institute
Department of Haematology
University of Cambridge and NHS Blood and Transplant

The Blood Transfusion Genomics Consortium (BGC), a consortium of 15 major blood supply organizations, has developed the Universal Blood Donor Typing (UBDT) array, a high-throughput genotyping technology enabling automated, simultaneous typing of human erythroid, platelet, and leukocyte antigens (HEA, HPA, and HLA).
In parallel, the Haem-Match Consortium has developed machine-learning-based solutions to optimize blood allocation using extended matching criteria. Together, these innovations offer blood services the ability to enhance **transfusion outcomes**, reducing **alloimmunization risk** while **improving blood supply logistics**.
This talk will offer valuable insights into the **future of genotyping blood donors and patients**, as well as the **advancement and expansion of blood bank genomic services** to better serve patients in Iceland.

LANDSPÍTALI BLÓÐBANKINN





Sjúklingafræðsla og heilsulæsi

Sjúklingafræðsla getur aukið þekkingu sjúklinga á eigin sjúkdómi, dregið úr líkum á aukaverkunum meðferðar og kvíða, minnkað líkur á endurinnlögnum og aukið ánægju með þjónustu. Sjúklingafræðsla getur eflt sjálfstraust og sjálfstæði sjúklinga við að takast á við sjúkdóm sinn og afleiðingar hans, bætt heilsu og sparað fé.

Miðstöð sjúklingafræðslu hefur umsjón með útgáfu fræðsluefnis fyrir sjúklinga og aðstandendur á Landspítala. Heilsulæsi og jafnrétti er haft að leiðarljósi við gerð fræðsluefnis.



Heilsulæsi

Með heilsulæsi er átt við færni einstaklinga til að nálgast, tjá, meta og nýta heilbrigðisupplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um heilbrigði sitt. Vaxandi notkun net- og samfélagsmiðla og snjallvæðing þjónustu reynir þó á fjölbreyttari færni en almenna lestrargetu. Tölvulæsi og stafrænt heilsulæsi (eHealth literacy) er nauðsynlegt til að nálgast upplýsingar og úrræði á netinu og til að eiga gagnvirk samskipti við heilbrigðisstarfsfólk. Heilsulæsar stofnanir taka tillit til fjölbreytilegra þarfa notenda til að upplýsingar og þjónusta skili sér til þeirra.

Jafnrétti

Til að jafnréttis sé gætt við miðlun sjúklingafræðslu þarf fræðslan að vera aðgengileg fyrir fólk með ólíkar þarfir. Skert sjón og heyrn, mismunandi aldurshópar, misjöfn lestrarfærni, skertir vitsmunir, ólíkur uppruni, menningarmunur og tungumálaerfiðleikar eru meðal hindrana sem þarf að yfirstíga. Við netvæðingu ýmissa þjónustuþátta, til dæmis aðgengi að fræðsluefni á netinu, er hætta á að einhverjir hópar verði útundan, til dæmis þeir sem ekki eru með rafræn skilríki. Til að fólk með skerta sjón hafi fullt gagn af upplýsingum á netinu þarf að taka tillit til þarfa þeirra við forritun. Það þarf að vera hægt að rata um vefsíðuna með því að nota einungis lyklaborð, stækka texta 200% án þess að tapa virkni og að nota skjálestrarbúnað og hljóðgervil til að lesa efnið. Vonir standa til að við yfirfærslu vefs Landspítala á island.is fáist aðgangur að talgervli og þýðingum á texta yfir á önnur tungumál.

Þýðingar

Miðstöð sjúklingafræðslu hefur milligöngu og umsjón með þýðingum fræðsluefnis fyrir sjúklinga á önnur tungumál í samstarfi við viðurkennda þýðingarstofu. Vegna fjölgunar sjúklinga af erlendum uppruna á Landspítala hefur kostnaður vegna þýðinga og túlkunar hækkað á undanförnum árum. Vinnuhópur um tungumál á Landspítala, skipaður af framkvæmdastjórn, skilaði skýrslu í febrúar 2025. Hópurinn lagði til að fræðsluefni um meðferð yrði forgangsraðað til þýðingar og að starfsfólk væri jafnframt vakandi fyrir áreiðanlegum vefsíðum á erlendum tungumálum til að vísa á. Dæmi um tæknilausnir sem útlit er fyrir að verði nothæfar innan fárra ára til að yfirstíga tungumálahindranir eru vélþýðingar með gervigreind. Landspítali tekur þátt í tveimur þróunarverkefnum um það með Árnastofnun annars vegar og Miðeind hins vegar.

Þjónustukönnun og sjúklingafræðsla

Í þjónustukönnun Landspítala 2024 könnuðust um 75% svarenda við að hafa fengið fræðsluefni og leiðbeiningar um hættumerki eftir heimkomu. Yfir 83% svöruðu að þeir vissu hvert þeir ættu að leita ef þeir hefðu áhyggjur af ástandi sínu eftir útskrift. Niðurstöðurnar gefa til kynna að hægt er að gera betur.

Ábendingar og drög að fræðsluefni fyrir sjúklinga sendist til miðstöðvar sjúklingafræðslu á netfangið sjuklingafraedsla@landspitali.is Hægt er að finna leiðbeiningar og gátlista um gerð fræðsluefnis á vefsvæði miðstöðvarinnar.

Miðstöð sjúklingafræðslu
Katrín Blöndal, formaður ritstjórnar
Þorgerður Ragnarsdóttir, verkefnisstjóri

Microsoft Teams Viva Engage



Það er tími til að tengjast!

Landspítali tekur stórt skref í stafrænum samskiptum þegar við færum okkur frá Workplace og yfir í Teams og Viva Engage í vor.

Þetta eru talsverðar breytingar en eins og alltaf náum við bestum árangri þegar við tökum öll höndum saman.


Viva Engage, sem verður bæði fréttaveita og samfélagsmiðill spítalans, verður opnað í lok apríl og verður aðgengilegt í gegnum Teams. Þið getið hins vegar byrjað að nota Teams í deildar- og teymisvinnu strax í dag.

Á **innri vefnum** er hægt að nálgast gagnlegar upplýsingar, leiðbeiningar, kynningar- og kennslumyndbönd. Ef spurningar vakna, þá erum við hér fyrir þig – hafðu samband á **tengjast@landspitali.is**.

Mosi á Kleppi er byrjaður að nota Teams. Hvað með þig?



LANDSPÍTALI



Veittu tækniaðstoð á Hringbraut

Þróunarsvið var með opið hús í Ásnum á Hringbraut þann 19. mars sl. Þangað mætti starfsfólk frá Verkefnastofu, Þjónustumiðstöð/1550 og Stafrænni framþróun til að aðstoða fólk m.a. með Heilsugátt, Teams, Landspítala-appið, Company Portal og Authenticator. Þróunarsvið verður með opið hús í Fossvogi miðvikudaginn 9. apríl.












Fjarvöktun sjúklinga á Landspítala með Human Bytes / Ward 247



Signý Jóna Hreinsdóttir
Verkefnastjóri

Blóð- og krabbameinslækningadeild 11EG og bráðalegudeild geð- og fíknisjúkdóma 32A eru þátttakendur í eins árs tilraunaverkefni á fjarvöktunarlausninni WARD Clinical Support System (WARD-CSS).

Lausnin mælir lífsmörk sjúklinga stöðugt allan sólarhringinn. Byrjað verður á sjúklingum í einangrun eða hjá þeim sjúklingum sem þurfa tíðar lífsmarkamælingar vegna nýrra lyfjameðferða. Mælitæki sem fest er á sjúkling sendir boð sjálfvirkt í WARD-CSS lausnina og lætur vita með neyðarboðum ef/þegar vaktaður sjúklingur þarf aðstoð. Ekki þarf að vekja sjúkling að nóttu til eða snemma morguns til að taka lífsmörk heldur flæða stöðugar lífsmarkamælingar þráðlaust frá mælitæki áfast sjúklingnum yfir í vöktunarbúnað.



Stuðningsteymi frá Human Bytes - Ward 24/7 var í heimsókn á Landspítala við Hringbraut dagana 24. - 26. mars til að þjálfa starfsfólk deildanna, prófa búnaðinn sem fylgir lausninni og gangsetja verkefnið.

Með aukinni reynslu á lausninni og virkni hennar er áætlað að prófa lausnina í Hospital@home eftirliti krabbameinssjúklinga, sem er annað mikilvægt fjarvöktunar-verkefni á spítalanum. Til að byrja með verður lausnin ekki samþætt við Heilsugátt heldur þarf að færa inn lífsmörk handvirkt. Samþætting verður skoðuð síðar í verkefninu.

Undirbúningur að verkefninu hefur gengið vel, starfsfólk deildanna á hrós skilið fyrir jákvæðni og góða þátttöku í undirbúningnum. Vonir eru bundnar við að þetta auki afköst hjúkrunarfræðinga og síðast en ekki síst auki þjónustu við og efli öryggi sjúklinga.

Að prófa lausn sem þessa er vegferð í átt að stafrænni umbreytingu á Landspítala, aukna fjarvöktun sjúklinga í heimahúsi sem og á spítalanum þar sem þess er þörf.



Fagleg verkefnastjórnun og miðlægt verkefnasafn

Í tilefni af eins árs afmæli Verkefnagáttar hefur Verkefnastofa tekið saman stuttan pistil á innri vef þar sem fjallað eru um faglega verkefnastjórnun og miðlægt verkefnasafn Landspítala.

Þjónustukannanir ríkisstofnana á Landspítala



María Björg Kristjánsdóttir
Verkefnastjóri

Nú hafa þjónustukannanir ríkisstofnana verið kynntar á öllum stjórnendafundum sviða Landspítala, að undanskildu klínísku rannsóknar- og stoðþjónustusviði. Með rauntímamælingum sem könnunin byggir á, fáum við sérstaka innsýn í upplifun skjólstæðinga okkar og aðstandenda þeirra á þjónustunni sem Landspítali veitir. Eftir að ákveðið magn af svörum hefur borist fyrir hverja einingu eru sett upp mælaborð inni í kerfinu Qualtrics, svo stjórnendur geta fylgst með þróun gagnanna. Þá fá allir stjórnendur mánaðarlegar skýrslur frá Prósent á PDF formi með niðurstöðum kjarnans sem þau tilheyra. Stjórnendum legudeilda ætti nú að hafa borist QR kóði, veggspjald og linkur inn á svæði könnunarinnar. Landspítala hafa borist rétt um 1000 svör en sérstaka athygli vakti hversu jákvæð endurgjöf fólks er hvað varðar þjónustuna. Í fyrstu svörunum eru tveir þættir sem mælast sérstaklega vel, **þá má nefna viðmót starfsfólks almennt til skjólstæðinga og aðstandenda og það að starfsfólk leggur sig virkilega fram við að hlusta á áhyggjur skjólstæðinga sinna.** Síðasta spurningin í þjónustukönnuninni er opin og spyr um það hvort fólk vilji koma ábendingum á framfæri. Þar er meirihluti svara á jákvæðum nótum og einnig hafa borist gagnlegar ábendingar sem verður hægt að bregðast við innan stakra eininga.

Dæmi um svör frá sjúklingum

- *Fé réttir eru friðsælli en hlaðnar stofur af misveiku fólki. Ekki nokkur leið að hvílast eða sofa í þessum hörmungar aðstæðum án þess að vera vel lyfjaður.*
- *Frábært og persónuleg þjónusta*
- *Að það sé meira upplýst mann meira um stöðu manns, ekki aðeins um ákveðna hluti*
- *Var sett fram á gang og með enga bjöllu. Ég var reyndar orðin mjög sjálfbjarga en fannst vont að vera ekki með bjöllu því ég lenti í smá vandræðum fyrst eftir að ég var komin á ganginn. Rúmið var ekki í sambandi og hjólastóllinn ekki við hliðina á rúminu. Annars er ég mjög ánægð með þjónustuna og hjálpina við að finna lausnir svo ég gæti bjargað mér sjálf*



— GEÐDAGURINN 9. MAÍ 2025 —

FRÁ ORÐUM TIL ATHAFNA

Þróun-nýsköpun-vísindi

Þverfagleg ráðstefna geðþjónustu Landspítala

Óskað er eftir ágripum um rannsóknir eða verkefni sem fjalla um þróun, nýsköpun og vísindi í geðheilbrigðisþjónustu

Ágrip geta fjallað um rannsóknir, nýsköpunarverkefni, samstarf, öryggi, umhverfi og meðferðir í þjónustu einstaklinga með geðvanda

Ágrip verða ritrýnd og birt í fylgiriti Læknablaðsins

Skil á ágripum verða í síðasta lagi 11. apríl 2025
Frekari kröfur um uppsetningu ágripa má sjá hér:
www.landspitali.is/geddagurinn

Nánari upplýsingar veita:
Guðbjörg Sverrisdóttir, verkefnastjóri
gudbjsve@landspitali.is, sími 620 1488

Halldóra Jónsdóttir, formaður geðdagsnefndar
halldjon@landspitali.is, sími 543 4075

Skilafrestur ágripa er til 11. apríl 2025

LANDSPÍTALI

Vettvangsteymi – berklaskimun



Kristín Davíðsdóttir
Hjúkrunarfræðingur



Á myndinni eru Guðmundur Ingi Þóroddsson og Ingólfur Snær Víðisson frá Afstöðu - félagi um bætt fangelsismál og betrun, Jónína Guðný Bogadóttir, hjúkrunarfræðingur hjá Frú Ragnheiði, og Kristín Davíðsdóttir, hjúkrunarfræðingur á göngudeild smitsjúkdóma.

Haustið 2024 greindust tveir einstaklingar sem halda til í gistiskýlum borgarinnar með virka berklasýkingu. Þar sem um tilkynningarskyldan sjúkdóm er að ræða þarf lögum samkvæmt að fara í smitrakningu til að kanna hvort einhverjir úr nánasta umhverfi þess smitaða hafi smitast. Sökum aðstæðna þessara einstaklinga, sem báðir glíma við heimilisleysi, var ekki hægt að fara í hefðbundna smitrakningu sem alla jafna felur í sér að hafa samband við fólk símleiðis og boða það í blóðprufu og/eða röntgen mynd. Stærstur hluti þeirra sem tilheyra þessum jaðarsetta hópi er jafnan símalaus og mikið á ferðinni þ.e. halda oft bara til tímabundið á hverjum stað fyrir sig. Það getur því reynst afar snúið að hafa uppi á fólki.

Flókin meðferð

Lyfjameðferðin við þessum sjúkdómi er flókin og stendur yfir í langan tíma, yfirleitt 6-9 mánuði, þar sem meðferðarheldni er gríðarlega mikilvæg. Þetta hafði því í för með sér ýmsar áskoranir sem hið hefðbundna kerfi er illa í stakk búið til að takast á við.

Til að bregðast við þessu var farin heldur óhefðbundin leið og sett saman teymi aðila sem þekkja vel til hópsins úr öðrum störfum og af persónulegri reynslu. Þetta voru tveir meðlimir Afstöðu - félags um bætt fangelsismál og betrun, þeir Guðmundur Ingi Þóroddsson (formaður) og Ingólfur Snær Víðisson, Kristín Davíðsdóttir hjúkrunarfræðingur á göngudeild smitsjúkdóma og Jónína Guðný Bogadóttir hjúkrunarfræðingur hjá Frú Ragnheiði. Eins var einn notandi skýlanna fenginn í hópinn til að sinna smitrakningu en með því móti var hægt að ná betri heildarsýn - bæði innan frá og utan. Teymið er síðan í nánu samstarfi við hjúkrunarfræðinga og lækna á göngudeild smitsjúkdóma.

Góð samvinna lykilatriði

Starf teymisins var í upphafi að starfa á vettvangi við það að fara með lyf daglega til smitaðs einstaklings sem gengið hafði verulega erfiðlega að ná til. Skemmst er frá því að segja að sú vinna gekk vonum framar og í byrjun árs var aukið við hlutverk teymisins með því að fara í smitrakningu. Í þeirri vinnu hefur starfsfólk teymisins sett sig í samband við hin ýmsu úrræði og teymi sem eru starfandi og sinna einstaklingum þessa hóps s.s. gistiskýli Reykjavíkurborgar, vettvangs og ráðgjafarteymi borgarinnar, fangelsismálastofnun, Kaffistofu Samhjálpar, meðferðarúrræði o.fl. til að hafa uppi á einstaklingum og fá þá í blóðprufur. Í þeim hópi eru yfir 200 einstaklingar og því mikið verk fyrir höndum. En með góðri samvinnu allra hlutaðeigandi hefur vinnan gengið vel. Starfsfólk hefur farið þangað sem þarf hverju sinni til að hitta útsetta einstaklinga og taka hjá þeim blóðprufu. Ekki er fyrirséð hversu langan tíma smitrakningin mun taka þó er ljóst að þessi vinna mun teygja sig eitthvað fram á sumarið hið minnsta.

Líkt og áður segir hefur starfsemi teymisins gengið vonum framar og sjá meðlimir þess fyrir sér að hægt sé að nýta það til ýmissa annarra verka er varða heilsutengd viðfangsefni og áskoranir hjá þeim jaðarsetta hópi samfélagsins sem heimilislausir.

Hægt er að hlusta á umfjöllun um vettvangsteymið í þættinum Þetta helst á Rás 1 hér.

Ný tímabundin leið að Barnaspítala

Vegna framkvæmda við nýjan Landspítala á Hringbraut hefur NLSH lokað tímabundið fyrir gönguleið sem starfsfólk Landspítala nýtti gjarnan til að komast á Barnaspítala Hringsins. Var það gert til að tryggja öryggi gangandi vegfarenda. Áður en gripið var til þessa úrræðis var skoðað hvort hægt væri að færa til girðinguna umhverfis framkvæmdasvæðið eða byggja tímabundna brú en það reyndist ekki mögulegt.

Skilti hefur verið sett upp til að vísa fólki á nýja leið sem vissulega er aðeins lengri en sú gamla og krefst þess að fólk noti gönguljós til að fara yfir Gömlu Hringbraut en er talin hættuminni.





Horft til framtíðar – Málþing HAuK

Föstudaginn 14. mars fór fram málþing hjarta-, augn- og krabbameinsþjónustu Landspítala á Hótel Natura. Málþingið var mjög vel sótt, hátt í 200 starfsmenn sem mættu og hlustuðu á fjölbreytt erindi. Tveir erlendir gestafyrirlesarar komu og héldu erindi, annars vegar Dr. Jeroen Hendriks, hjúkrunarfræðingur og prófessor við háskólann í Maastricht sem fjallaði um þverfaglega teymisvinnu, og hins vegar Simon Oberst, yfirmaður vottunarmála OECI, og fjallaði hann um vottunarvegferð krabbameinsþjónustu Landspítala. Auk þeirra héldu margir fyrirlesarar erindi um þróun þjónustunnar, meðferðir, vísindi og rannsóknir bæði innan hjartaþjónustu og krabbameinsþjónustu.

STARFSMANNAMÁL

Olga nýr deildarstjóri



Olga Birgitta Bjarnadóttir hefur verið ráðin deildarstjóri á hjartadeild, 14EG. Olga útskrifaðist úr hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2008. Frá þeim tíma hefur hún starfað á hjartadeild 14EG og tók við stöðu aðstoðardeildarstjóra 2014. Árið 2018 lauk hún diplómanámi í hjúkrunarstjórnun frá HÍ. Samhliða starfi sínu sem aðstoðardeildarstjóri hefur Olga tekið innlagnavaktir á vegum flæðisdeildar og sinnt kennslu á vegum menntadeildar um árabil ásamt því að hafa unnið að ýmsum umbótaverkefnum sem snúa að flæði sjúklinga, teymisvinnu, mannauði, nemum og kennslu.


LANDSPÍTALI

Spurningakönnun

Átaksverkefni í Heilsugátt er hafið. Markmið verkefnis er að kortleggja notkun Heilsugáttar og tryggja starfsfólki viðeigandi þjálfun.

Könnunin hjálpar okkur að skilja hvernig starfsfólk notar Heilsugátt, hvaða áskoranir koma upp, hvað gengur vel og hvað mætti bæta.

Það tekur aðeins örfáar mínútur að svara könnuninni og þitt svar skiptir máli!



Skannaðu QR-kóðann til að taka þátt í könnuninni



Fundur fyrir erlenda starfsmenn

Runólfur Pálsson, forstjóri Landspítala, hélt opinn starfsmannafund í Hringsal á Hringbraut þriðjudaginn 18. mars. Fundurinn fór fram á ensku og var markmið hans að gefa starfsfólki af erlendum uppruna tækifæri til að ræða við forstjóra um áskoranir og tækifæri í starfseminni.

Á fundinum var aðallega rætt um langan biðtíma eftir starfsleyfi fyrir erlenda heilbrigðisstarfsmenn, misræmi í bið eftir starfsstéttum og hvort spítalinn gæti beitt sér fyrir því að stytta biðtímann. Talið barst einnig að hinu flókna tungumáli íslensku og hvernig það að tala ekki málið gerði erlenda starfsfólkinu erfitt fyrir að kynnast því íslenska.

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Fundirnir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir. Næsti fundur verður haldinn í hádeginu 15. apríl í Hringiðunni á BUGL.

Þorkell Þorkelsson, ljósmyndari Landspítala, var í Hringsal og tók meðfylgjandi myndir.











STARFSMANNAFUNDUR Á BUGL

Forstjóri Landspítala boðar til starfsmannafundar **þriðjudaginn 15. apríl milli 12.00 og 12.30.** Fundurinn fer fram í Hringiðunni á barna- og unglingageðdeild við Dalbraut 12.

Starfsmannafundir forstjóra eru haldnir þriðja þriðjudag í mánuði á ólíkum starfseiningum og eru opnir öllu starfsfólki spítalans. Að lokinni stuttri framsögu forstjóra er boðið upp á spurningar og athugasemdir.

Starfsmannafundir eru auglýstir í viðburðadagatali á innri vef og á Workplace - Fréttir.

Ertu með ábendingar varðandi starfsmannafundi? Hafðu samband við samskiptateymi Landspítala í gegnum netfangið samskiptateymi@landspitali.is.

Eitrunarmiðstöð birtir ársskýrslu 2024

Árið 2024 voru skráð 3.223 símtöl í eitrunarsímann. Tæpur helmingur fyrirspurnanna sneri að lyfjaeitrunum. Þetta kemur fram í ársskýrslu Eitrunarmiðstöðvar.

Hægt er að nálgast skýrsluna á vef Eitrunarmiðstöðvar.

Eitrunarmiðstöð Landspítala er starfrækt á Landspítala í Fossvogi. Eitt af helstu hlutverkum miðstöðvarinnar er að veita upplýsingar um eiturefni og ráðgjöf um viðbrögð og meðferð þegar eitranir verða. Símanúmerið er 543 2222.

Klínískir lyfjafræðingar svara í síma frá kl. 08-20 og bráðamóttakan þess á milli. Eitrunarsíminn er opinn fyrir alla, allan sólarhringinn, allt árið um kring.



Þakklæti við starfslok

Þó aðeins séu liðnir tveir mánuðir af nýju ári hefur Landspítali nú þegar misst frábært starfsfólk sem helguðu spítalanum starfskrafta sína stóran hluta starfsævinnar. Þetta góða fólk starfaði á Landspítala í um og yfir 20 ár á hinum ýmsu deildum og lætur nú af störfum vegna aldurs. Landspítali þakkar þeim góð störf og óskar þeim velfarnaðar í þeim lífsins verkefnum sem framundan eru.



Edda Jóna Jónasdóttir
Hjúkrunarfræðingur á brjóstamiðstöð



Guðrún Valgeirsdóttir
Hjúkrunarfræðingur á dagdeild skurðlækninga



Inga Þorbjörg Steindórsdóttir
Hjúkrunarfræðingur á líknardeild



Margrét Birna Andrésdóttir
Yfirlæknir á nýrnalækningadeild



Ragnheiður Þorbjörg Andrésdóttir Starfsmaður í framleiðslueldhúsi sjúklinga



Sigrún Steina Valdimarsdóttir
Skrifstofumaður á taugalækningadeild



Soffía I. Claessen Guðmundsdóttir Verkefnastjóri á launadeild

Sjálfvirknivæddar beiðnir um erfðaráðgjöf

Einstaklingar sem hingað til hafa óskað eftir að komast í erfðaráðgjöf hafa þurft að skrá miklar upplýsingar í form á heimasíðu Landspítalans. Til að koma þessum gögnum í Heilsugáttarhóp hefur þurft mikla og tímafreka handavinnu starfsfólks í hverri viku.

En í byrjun mars var þessu fyrirkomulagi breytt þegar opnað var á sjálfsvísanir í Landspítala appinu. Þar geta einstaklingar óskað eftir þjónustunni með því að fylla út stuttan og einfaldan spurningarlista, svörin sendast svo sjálfkrafa í Heilsugáttarhóp. Þegar búið er að taka afstöðu til beiðnarinnar sendist sjálfkrafa tilkynning til einstaklings í Landspítalaappið að beiðnin sé komin í vinnslu og hver næstu skref eru.

Fyrir var í appinu sjálfsvísun til Göngudeilar húð- og kynsjúkdóma.

Vonandi leynast fleiri tækifæri innan Landspítalans að skipta út innslátti gagna fyrir stafrænar lausnir.



LANDSPÍTALI

Útgefandi: Samskiptateymi Landspítala | Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson | Ábendingar um efni í Spítalapúlsinn: samskiptateymi@landspitali.is